

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2018, mánudaginn 23. apríl kl. 13:15 var haldinn 259. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Áslaug M. Friðriksdóttir, Kjartan Magnússon, Ólafur Adolfsson og Björn Bjarki Þorsteinsson. Einnig tók þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri og Hallur Símonarson, innri endurskoðandi. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð stjórnarfundar SF 258 undirrituð og staðfest.
2. Fram fer kynning á stöðu fjármögnunar, arðgreiðsluferlum, áhættuskýrslu OR, dags. 12. apríl 2018, stöðu og þróun á álmörkuðum og rekstrartölum fyrstu þriggja mánaða ársins.
Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Fram fer umræða um framtíðarfyrirkomulag innri endurskoðunar. Lagt fram erindi endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 9. apríl 2018 og erindi innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, dags. 19. mars 2018 um málið.
Inga Björg Hjaltadóttir og Ólafur Kristinsson, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar um þóknun stjórnar, ásamt greinargerð:
Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2017 verði kr. 169.297 á mánuði fyrir aðalman og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 47.402 á fund. Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2018 kr. 169.297 á mánuði fyrir aðalman og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 47.402 á fund.
Samþykkt.
5. Lögð fram gæðastefnu OR. Einnig lögð fram staða lykilmælikvarða um ánægju viðskiptavina.
Kristjana Kjartansdóttir, gæðastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
6. Lagt fram minnisblað um umhverfismælikvarða, dags. 18. apríl 2018 minnisblað um forðagæslu, dags. sama dag, og loftslagsskýrsla Umhverfisstofnunar. Lögð fram tillaga um að fella niður lykilárangursmælikvarðann um að öll leyfi OR séu í gildi og uppfyllt. Samþykkt.
Hólmfríður Sigurðardóttir og Edda Sif Aradóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
7. Fram fer kynning á frumniðurstöðum sjálfbærniúttektar (GSAP) fyrir Hellisheiðarvirkjun.
Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON og Gísli Sveinsson aðstoðarmaður framkvæmdastjóra, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
8. Fram fer kynning á fyrirkomulag fráveitu og markmið um hreinar strendur – alltaf.
9. Lögð fram skýrsla , dags. 20. apríl 2018, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
10. Önnur mál.

Kjartan Magnússon og Áslaug M. Friðriksdóttir leggja fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að ráðast í aðgerðir í því skyni að gera íbúum á starfsvæði sínu að kleift að hlaða rafmagnsbifreiðar við heimil sín, óháð húsakosti. Innstungum fyrir rafmagnsbifreiðar verði komið fyrir í ljósastaurum þar sem aðstæður eru fyrir hendi og jafnframt sé gert ráð fyrir slíkum búnaði í nýjum ljósastaurum.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16:17.
Næsti fundur verður haldinn 28. maí 2018.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Áslaug M. Friðriksdóttir
Kjartan Magnússon
Sigríður Rut Júlíusdóttir

Gylfi Magnússon
Ólafur Adólfsson
Björn Bjarki Þorsteinsson.